

Fundur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn 26. Mars 2014, kl 14.00 með aðstoð fjarfundaforrits, Lync, frá Bíldudal, Hólmavík, Ísafirði, Reykjavík og Súðavík.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði einnig fundargerð, Díana Jóhannsdóttir, Lína Björg Tryggvdóttir og Jón Jónsson.

Formaður setti fundinn og kynnti að Sigurður Pétursson hefði boðað forföll en vegna skamms fyrirvara var ekki hægt að boða varamann í hans stað.

Formaður gerði að tillögu að gerð yrði breyting á dagskrá fundarins og boðað yrði til nýs fundar um önnur dagskrár atriði þann 9. apríl n.k., tillagan samþykkt.

1. Fundargerð stjórnarfundar 10. janúar 2014
Lögð fram fundargerð 10. janúar 2014, fundargerð hefur áður verið staðfest í tölvupósti. Stjórn staðfestir fundargerð.
2. Staða verkefna og samninga ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga / atvinnuþróunarfélaga

a. Menningarsamningar

Kynnt erindi í tölvupósti dags 25. mars 2014, frá sviðsstjóra menningarmála mennta og menningarmálaráðuneytis um endurnýjun menningarsamnings til eins árs.

Formaður gaf Jóni Jónssyni menningarfulltrúa orðið. Menningarfulltrúi lagði fram minnisblað um helstu atriði samningsins með hliðsjón af fyrri samningi.

Samningur hefur verið laus frá síðustu áramótum en ráðuneytið hefur haldið áfram mánaðarlegum greiðslum auk þess sem FV hefur innheimt hlut sveitarfélaga samkvæmt fjárhagsáætlun Fjórðungspings. Ekki hefur verið auglýst eftir umsóknum þar sem óljóst hefur verið með fjármögnun og áherslur samnings.

Samkvæmt tillögu ráðuneytis er gert ráð fyrir 10 % lækkun framlaga til menningarsamninga frá síðasta ári, um 2,9 mkr. Ennfremur er ekki gert ráð fyrir framlagi frá atvinnu og nýsköpunarráðuneyti vegna menningartengdrar ferðaþjónustu, 5,7 mkr, samtals myndi saminginsfjárhæð því lækka um 8,6 mkr. Ráðuneytið leggur að auki til verulegrar breytingar á markmiðum samningsins á grundvelli lækkaðra framlaga.

Formaður kynnti að boðað hafi verið til fundar formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga 27. mars 2014. Á dagskrá væri umræða um stöðu menningarsamninga og sameiginleg viðbrögð landshlutasamtaka.

Stjórn FV telur að samningstillaga ráðuneytis sé óásættanleg og felur formanni, framkvæmdastjóra og menningarfulltrúa að vinna að sameiginlegu álitum landshlutasamtaka, um forsendur nýs samnings. Erindi verði sent mennta- og menningarmálaráðherra og sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

3. Markaðsstofa Vestfjarða

a. Fundargerð ráðgjafaráðs 20. mars 2014.

Lögð fram til kynningar fundargerð ráðgjafaráðs frá 20. mars s.l. og einnig vísast til c liðar undir þessum dagskrárlið.

b. Markaðsátak fyrir Vestfirði.

Markaðsfulltrúi kynnti að verkefnið væri hafið á grundvelli staðfestingar á aðild allra sveitarfélaga og samningar þar um hefðu verði sendir sveitarfélögum. Ísafjarðarbær hefði eitt sveitarfélag sett fram bókun með staðfestingu sinni, þess efnis að sveitarfélagið hefði aðild að stýrihóp verkefnisins og að markhópagreining og tillögur að árangursmælikvörðum lægju fyrir.

Markaðsfulltrúi kynnti tillögu að verkefnisstjórn þar sem lögð er áhersla á aðkomu, Ferðamálasamtaka Vestfjarða, stærri ferðaþjónustuaðila auk Íslandsstofu. Markmiðið væri að auka umfang verkefnisins og ná að samþætta það markaðsstarfi ferðaþjónustuaðila.

Rætt um bókun Ísafjarðarbæjar og samræmingu efni hennar við starf verkefnastjórnar. Framkvæmdastjóra og markaðsfulltrúa falið að ræða við Ísafjarðarbæ um aðkomu sveitarfélaga að verkefnisstjórn á grundvelli bókunar bæjarstjórnar.

Á grundvelli samþykktu sveitarfélaga á Vestfjörðum þá óskaði framkvæmdastjóri eftir heimild til að staðfesta samning við Tjarnargötuna ehf um meginverkjátt markaðsátaksins þ.e. „stafrænt ferðalag um Vestfirði“. Samningurinn er til þriggja ára og er heildarfjárhæð hans 17 mkr. Stjórn staðfestir heimild til framkvæmdastjóra.

c. Nafngift og merki MV fyrir erlenda og innlenda markaðskynningu

Markaðsfulltrúi lagi fram minnisblað um nafngift og merki MV. Nauðsyn er á samræmi á heiti markaðsstofa í landinu gagnvart erlendum og innlendum aðilum þar sem horfið er frá „marketing office“ í „visit“.

- Tillaga til stjórnar að breyttu nafni gagnvart erlendum aðilum er „Visit Westfjords“ og „Visit Westfjords of Iceland“ í stað „Westfjords Marketing Office“.
- Tillaga til stjórnar að varðandi íslenskan markað er að nota Markaðsstofu Vestfjarða í kynningarefni og samskiptum við ferðaþjóna, en Fjórðungssamband Vestfirðinga – Markaðsstofa gagnvart stjórnarsýslu.
- Tillaga að merki Markaðsstofu fyrir kynningarefni. Lagt er til að nýta merki sem hannað var fyrir sýninguna Perlan Vestfirðir en með breyttri litasamsetningu í samræmi við val á lit á heimasíðu Markaðsstofu.

Formaður bar upp framangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.15.